

Úthlutunarreglur Menningarsjóðs Borgarbyggðar

1. gr.

Grundvöllur reglna

Reglur þessar eru settar á grundvelli skipulagsskrár Menningarsjóðs Borgarbyggðar nr. 930, 24 september 2007 þar sem fjallað er um markmið, fjármögnun og stjórn sjóðsins. Reglur eru til fyllingar og nánari útfærslu á úthlutun.

2. gr.

Markmið

Í samræmi við tilgang sjóðsins samkvæmt 3. gr. skipulagsskrár skal Menningarsjóður Borgarbyggðar styrkja menningarmál í Borgarbyggð með veitingu styrkja. Megináhersla sjóðsins er að styðja verkefni sem styrkja menningarlíf í sveitarfélaginu.

Menningarsjóðurinn skal leitast við að styðja við sem fjölbreyttustu menningarstarfsemi í sveitarfélaginu og stuðla að framþróun í menningarmálum sveitarfélagsins fyrir fjölbreyttan hóp út frá kyni, aldri, kynferði, uppruna og öðrum þáttum.

Við úthlutun styrkja skal litið til nýsköpunargildis styrkbeiðna á sviði lista- og menningar í Borgarbyggð. Styrkir geta m.a. verið til, en þó ekki takmarkaðir við, smærra viðburðarhalds í sveitarfélaginu, gerð listaverka, útgáfu menningarlegs efnis, verkefna sem er ætlað er að varðveita menningarminjar og menningararfleið.

Menningarsjóðnum er heimilt að ákveða að styrkja ekki öll verkefni sem uppfylla skilyrði úthlutunarreglna sjóðsins. Styrkþegar geta því ekki gert ráð fyrir að fá styrk fyrir sambærileg verkefni milli úthlutana.

3. gr.

Hlutverk

Stjórn Menningarsjóðs Borgarbyggðar tekur ákvörðun um styrkveitingar á grundvelli fyrirliggjandi umsókna og samkvæmt markmiðum sjóðsins.

Áskilinn er réttur til að samþykja eða hafna hvaða umsókn sem er. Samkvæmt 21. gr. stjórnsýslulaga þarf ekki að rökstyðja ákvörðun um úthlutun styrkja á sviði lista og menningar.

4. gr.

Skil umsókna

Umsóknum skal skilað rafrænt á vefsíðu sveitarfélagsins, í þjónustugáttinni á þar til gerðu eyðublaði. Með umsókn skal fylgja kostnaðaráætlun og verkáætlun þar sem fram kemur umfang og tími verkefnis. Þá skal einnig taka fram fjárhæð sem sótt er um.

Umsókn sem skilað er án upplýsinga og fylgiskjala telst ófullnægjandi og er ekki tekin til afgreiðslu á fundi Menningarsjóðs Borgarbyggðar.

Helstu upplýsingar í umsóknum og niðurstöður styrkveitinga eru gerðar opinberar í fundargerð nefndarinnar eftir afgreiðslu erinda.

5. gr.

Afgreiðsla erinda

Úthlutarnir styrkja úr sjóðnum fara fram tvisvar ár hvert. Fyrri úthlutun skal fara fram fyrir 1. maí og hin síðari fyrir 1. október.

Umsóknarfrestur er sérstaklega tilgreindur í auglýsingu og ekki er tekið við umsóknum eftir umsóknarfrest.

6. gr.

Umsækjendur

Umsækjendur geta verið einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir með lögheimili í Borgarbyggð. Hafi umsækjandi áður fengið styrk skv. reglum þessum skal hann upplýsa um árangur og framkvæmd þess verkefnis.

Við auglýsingu á viðburði/verkefni skal styrkþegi láta styrkveitingu Borgarbyggðar koma fram.

7. gr.

Forsendur til styrkveitinga

Allir styrkþegar skulu skila inn skýrslu um framgang og lok verkefnis fyrir lok þess ár sem styrkveiting á sér stað. Skýrsluskil er skilyrði fyrir styrkveitingu til nýrra verkefna.

Einungis er styrkt til verkefna og viðburða sem fara fram í Borgarbyggð.

Verkefnið og/eða viðburðurinn þarf að auðga menningarlíf Borgarbyggðar. Við ákvörðun um úthlutun er horft til þess hvaða menningararfleið verður eftir í sveitarfélaginu skv. 2.gr. þessara reglna.

8. gr.

Kynning á verkefnum

Eftir hverja úthlutun skal yfirlit yfir þau verkefni sem hafa fengið úthlutað úr sjóðnum, kynnt fyrir byggðarráði og birt á heimasíðu sveitarfélagsins.

9. gr.

Útborgun styrkja

Styrkir eru greiddir út í einu lagi inn á þann bankareikning sem kemur fram í umsókn að loknu afgreiðslu málsins á fundi Menningarsjóðs Borgarbyggðar.

10. gr.

Endurgreiðslukrafa

Hafi styrkur verið greiddur til verkefnis en af framkvæmd þess hafi síðan ekki orðið samkvæmt þeim upplýsingum sem stjórnin aflar, ber styrkþega að endurgreiða hann.

Samþykkt á 32.fundi Menningarsjóðs Borgarbyggðar 26. október 2021